


Engin hugmynd á nú hrós,  
Alt skal vera þekking.  
Okkar fyrsta andans ljós  
Er nú kallað blekking.

Fánýt tungan, fokstrá ljóð.  
Fossa úrelt hljóðin.  
Nú er alt á nýjan mót  
Nurlað í hagnaðs sjóðinn.

Himinbliki' um hafsins tjöld  
Hygg eg flestir gleymi;  
Fjöllin þykja klúr og köld  
Kveifum vest'r í heimi.

Hefir orðið helzt til seinn  
Helgra guða máttur,  
Þjóðernisins einn og einn  
Er að bresta þáttur.

*Kristinn Stefánsson.*



## Nokkrir fornmenn.



Um leið og Heimir kemur fannbarinn og frostbólgin að húsum vina sinna og lesenda nú um þessi Jól, hefir hann meðferðar myndir af nokkrum Íslendingum, er hann hyggur að flesta muni fýsa að sjá. Því víðast hvar um byggir Íslendinga hvar, sem maður fer, heyrir maður nafns þeirra getið, og flestir kunna eitthvað frá þeim að segja, þótt ekki hafi þeir mennina séð né haft persónulega kynni af þeim. En það er bæði, að lítið hefir verið um Íslendingana skrifað hér vestra og starf þeirra og nýlendulíf, enda hefir þessara manna sjaldan verið minnst sem *verðugt væri* í þeim skrifum. Hvað til þess ber, er ekki auðráðið, en þó mun það eiga stóran þátt í þögninni skoðanir þeirra á ýmsum félagsmálum vorum. Það er sorglega satt, þótt vér Íslendingar unnum manna mest réttlæti og sannsögli,—því sá var eitt sinn kosturinn beztur meðal þjóðar vorrar, að segja hverja sögu eins og hún gekk—og þótt vér lifum í, að nafninu til, frjálsum landi, þá ber það ekki ósjaldan við, að menn eru látnir gjalda skoðana sinna þegar til frásagna kemur, eða þeir eru litnir öfugu auga.

Það er létt sök að grafa aldraða Íslendinga hér í Ameríku.